

STJÓRNARTÍÐINDI B 87 – 1995

11. september 1995

1229

Nr. 481

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 541/1994 um greiðslumark
sauðfjárafurða á lögbýlum og beinar greiðslur verðlagsárið 1995 - 1996.**

1. gr.

Í stað 2. ml. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar komi:

Greiðslumark sem skráð er til heimtöku skal aðeins nýta með heimtöku kindakjöts úr afurðastöð. Heildarheimtökuréttur greiðslumarkshafa án skerðingar á innleggsheimildum skal vera allt að 80 kg á hvern heimilismann sem skráður var með lögheimili á viðkomandi lögbýli 1. desember 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1995.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.